



RANGÁRÞING EYSTRÁ

## Gjaldskrá fyrir hundahald á Hvolsvelli

### 1. gr.

Af hundum á Hvolsvelli skal sveitarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætluð til að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Rangárþingi eystra nr. 442/2013.

### 2. gr.

Skráningargjald er kr. 8.800  
Bráðabirgðaskráning kr. 1.400

### 3. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir hvern hund er kr. 8.600,-  
Ekki er innheimt leyfisgjald það ár sem hundurinn er skráður.

### 4. gr.

Greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu, eftirlit, umsjón og skráningu er innifalin í gjaldi samkvæmt 2. og 3. gr.

### 5. gr.

Við hverja afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta gjald kr. 5.800,-. Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds.

### 6. gr.

Gjalddagi skv. 3. gr. er 1. mars og eindagi 30. mars. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.  
Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi. Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlegt gjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru á árinu.

### 7. gr.

Ofangreind gjaldskrá sveitarstjórnar Rangárþings eystra staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, samanber samþykkt um hundahald í Rangárþingi eystra frá 23. apríl 2013.

Samþykkt í sveitarstjórn Rangárþings eystra 9. nóvember 2017.

---

Ísólfur Gylfi Pálmason  
sveitarstjóri